

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2017

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (einföldun, búsetuskilyrði, 237. mál)**

Með frumvarpi þessu eru m.a. lagðar til ýmsar lagabreytingar sem miða að því að einfalda lagaumhverfi vegna stofnunar, skráningar og starfrækslu hlutafélaga og einkahlutafélaga. Einnig eru lagðar til breytingar sem er ætlað að sporna við misnotkun á félagiforminu. Viðskiptaráð tekur í meginatriðum undir markmið frumvarpsins.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 145. löggjafarþingi og skilaði Viðskiptaráð umsögn um þingmálið.<sup>1</sup> Þær breytingar hafa þó verið gerðar frá fyrri framlagningu að ákvæði vegna undirbúnings rafrænnar fyrirtækjaskrár hafa verið felld brott þar sem leggja á fram sérstakt frumvarp með þeim tillögum. Í fyrri umsögn Viðskiptaráðs fagnaði ráðið því sérstaklega að til stæði að innleiða rafræna fyrirtækjaskrá. Rafræn fyrirtækjaskrá felur í sér töluverða einföldun og hagræði við stofnun og skráningu fyrirtækja og munu hvort tveggja atvinnulíf og stjórnvöld hagnast af skránni í formi aukinnar skilvirkni. Viðskiptaráð vonast til að frumvarp um rafræna fyrirtækjaskrá verði lagt fram sem fyrst svo að það hagræði sem af skránni hlýst muni koma til nota sem allra fyrst.

**Einföldun regluverks fagnaðarefni**

Viðskiptaráð fagnar því að til standi að einfalda regluverk atvinnulífsins og vonast til að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut. Meðal þeirra breytinga sem ráðið telur til bóta er sú breyting að til standi að fella niður búsetuskilyrði stofnenda félaga. Hingað til hefur verið heimilt að sækja um undanþágu frá búsetuskilyrðinu en líkt og fram kemur í frumvarpinu voru undanþágur vegna þessa almennt veittar.

---

<sup>1</sup> Umsögn ráðsins má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/einfoldun-regluverks-atvinnulifsins-fagnadarefni/>

Felur breyting þessi því í sér töluverða einföldun fyrir alla aðila, eykur skilvirkni innan stjórnáætlunar og minnkar óþarfa kostnað.


### **Mikilvægt að gæta hófs í aðgerðum gegn misnotkun á félagiforminu**

Í frumvarpinu eru lagðar fram breytingar sem miða að því að sporna gegn misnotkun á félagiforminu. Viðskiptaráð telur þær breytingar sem lagðar eru til hóflegar og leggst því ekki gegn samþykkt þeirra. Þó telur ráðið mikilvægt að áréttu að lagabreytingar sem eiga að stemma stigu við misnotkun á félagiforminu séu ekki óþarflega íþyngjandi. Slíkar aðgerðir mega ekki verða til þess að skerða athafnafrelsi og viðskiptamöguleika þeirra sem stunda eðlilega viðskiptahætti. Slíkar aðgerðir kunna að draga úr vexti íslensks atvinnulífs, hamlu nýsköpun og koma niður á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Misnotkun á félagiforminu er einungis talið liggja að baki 4-6% gjaldþrota en samt sem áður virðist sem almenningur tengi gjaldþrot fyrirtækja almennt við sviksamlega háttsemi.<sup>2</sup> Í könnun sem framkvæmd var af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kom fram að um 50% þeirra sem stofna fyrirtæki óttast það mest að fyrirtækið verði gjaldþrota. Færri töldu áhættuna á því að missa heimili sitt vera stærsta áhyggjuefnið.<sup>3</sup> Að mati Viðskiptaráðs er mikilvægt að umræða um gjaldþrot og misnotkun félagiformsins sé yfirveguð og skynsöm. Of mikil og neikvæð umræða getur orðið til þess að einstaklingar sitji á viðskiptahugmyndum sínum í ótta við að þær gangi ekki upp í stað þess að fara af stað af krafti og skapa verðmæti sem skila sér út í samfélagið.

### **Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllt,



Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur

---

<sup>2</sup> Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2011), „A second chance for entrepreneurs“. Slóð: <http://ec.europa.eu/DocsRoom/documents/10451/attachments/1/translations>

<sup>3</sup> Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2012), „Entrepreneurship in the EU and beyond“. Slóð: [http://ec.europa.eu/public\\_opinion/flash/fl\\_354\\_sum\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/public_opinion/flash/fl_354_sum_en.pdf)